

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. febrúar 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, mál 432.

Við er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Neðangreind samtök eru meðmælt því að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu nái fram að ganga að því undanskildu að ráðherra verði heimilt að setja sérstakar reglur um þá tegund atvinnuveiða sem er tilefni framlagningar frumvarpsins. Við teljum að sömu reglur skuli gilda um þessar atvinnuveiðar og aðrar.


Í greinargerð með frumvarpinu eru orð sem hugsanlega mætti túlka þannig að verið sé að gefa til kynna að erlendir ríkisborgarar geti stundað hér tómskundaveiðar. Við teljum augljóst að ákvæði laga um stjórn fiskveiða sem fjalla um tómskundaveiðar nái einungis til tómskundaveiða Íslendinga. Ef það er réttur skilningur á umræddum ummælum að verið sé að gefa annað í skyn, gætu erlendir aðilar væntanlega tekið aflann með sér úr landi. Í þessu sambandi er rétt að benda á það augljósa að ef erlendir aðilar fara með afla úr landi er útilokað fyrir íslensk yfirvöld að tryggja að hann verði ekki seldur. Við förum þess á leit við sjávarútvegsnefnd að hún kveði skýrt á um að það að ákvæði um tómskundaveiðar í lögum um stjórn fiskveiða eigi einungis um tómskundaveiðar Íslendinga.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra
útvegsmanna


Friðrik J. Arngrímsson

f.h. Samtaka atvinnulífsins


Jón H. Magnússon

f.h. Samtaka
fiskvinnslustöðva


Guðbergur Rúnarsson